

## Starfsemi Verðlagsnefndar búvöru 2013

Á árinu 2013 hélt Verðlagsnefnd búvöru 7 bókaða fundi, en nefndin ákveður lágmarksverð til bænda fyrir mjólk innan greiðslumarks og einnig heildsöluverð helstu mjólkurvara eins og nýmjólkur, rjóma, undanrennu, skyr, smjör, osta og mjólkurdufts. Verðlagsnefnd búvöru skipuðu eftirtaldir fulltrúar: Ólafur Friðriksson, formaður nefndarinnar frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Elín Björg Jónsdóttir frá BSRB, Björn Snæbjörnsson frá ASÍ, Haraldur Benediktsson Bændasamtökum Íslands, Sigurður Loftsson Landssambandi kúabænda, Guðrún Sigurjónsdóttir og Pálmi Vilhjálmsson frá Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði.

Með upplýsingum frá Hagstofu Íslands, mælir verðlagsnefnd ársfjórðungslega breytingar gjaldaliða í verðlagsgrundvelli kúabús. Staða kostnaðar er mæld í mars, júní, september og desember ár hvert. Auk þess mælir nefndin kostnaðarbreytingar við vinnslu og dreifingu mjólkurvara, en heildsöluverð mjólkurvara samanstendur af tveimur meginþáttum sem Verðlagsnefnd fjallar um.

a) *Hráefniskostnaður (Lágmarksverð mjólkur til framleiðenda)*

b) *Vinnslu- og dreifingarkostnaður (rekstur afurðastöðva þ.e. vinnslu, sölu og dreifingu mjólkurvara)*

Breytingar á mældum kostnaðarliðum Verðlagsgrundvallar kúabús og mældar hækkanir kostnaðarliða við vinnslu og dreifingu mjólkurvara, hverju sinni, eru viðmiðunarstærðir í vinnu Verðlagsnefndar en ákvarðanir um verðlagningu mjólkur og mjólkurvara hafa ávallt verið samkomulagsatriði milli viðsemjenda í verðlagsnefnd.

### HEILDSÖLUVERÐLAGNING Á ÁRINU 2013

Breyting varð á heildsöluverði mjólkurvara 1. október 2013. Ákveðið var að hækka heildsöluverð mjólkurvara sem verðlagsnefnd ákveður verð á um 3,1%. Lágmarksverð til bænda hækkaði um 2,49 kr/ltr – eða um 3,1%. Vinnslu- og dreifingakostnaður hækkaði einnig um 3,1% - eða um 2,85 kr/ltr. Vegin hækkun heildsöluverðs út á markað var því um 3,1% - eða um 5,34 kr/ltr.

### YFIRLIT YFIR ÞRÓUN VERÐLAGNINGAR

Í töflu 1. er yfirlit yfir þróun lágmarksverðs til framleiðenda á tímabilinu 2007 – 2013.

Tafla 1. Breyting á lágmarksverði mjólkur 1. janúar 2007 – 31. desember 2013

Dags	Verð kr/ltr		Breyting		Breyting á ári	
	Fyrir	Eftir	Kr	%	Kr	%
1. júlí 2007	47,45	48,64	1,19	2,5%	<b>1,81</b>	<b>3,8%</b>
1. nóvember 2007	48,64	49,26	0,62	1,3%		
1. janúar 2008	49,26	49,96	0,70	1,4%	<b>21,87</b>	<b>44,4%</b>
1. apríl 2008	49,96	64,00	14,04	28,1%		
1. nóvember 2008	64,00	71,13	7,13	11,1%	<b>6,50</b>	<b>9,1%</b>
1. febrúar 2011	71,13	74,38	3,25	4,6%		
1. júlí 2011	74,38	77,63	3,25	4,4%	<b>2,80</b>	<b>3,6%</b>
1. júlí 2012	77,63	80,43	2,80	3,6%		
1. október 2013	80,43	82,92	2,49	3,1%	<b>2,49</b>	<b>3,1%</b>
Samtals 1. janúar 2007 - 31. desember 2013	47,45	82,92	35,47	74,8%		

## VINNSLU- OG DREIFINGARKOSTNAÐUR MJÓLKUR

Í mynd 1. kemur fram þróun þeirra þátta sem mynda heildsöluverð mjólkurvara – þ.e. lágmarksverð mjólkur og vinnslu- og dreifingarkostnaður. Þessir þættir eru settir í samhengi við þróun almenns verðlags í landinu bæði með og á húsnæðiskostnaðar. Upphafstími yfirlits er árið 2004 (2004 = 100).

2004 - 2013  
Þróun almenns verðlags (vísitala neysluverðs með og án húsnæðis, heildsöluverð helstu mjólkurvara og mjólkurverð til bænda

Þáttur	Verðmiðing (2004 = 100)
Verð til bænda	94%
Vísitala Ney	82%
Vísitala Ney án húsnæðis	76%
Nýmjólk	68%
Brauðostur	60%
Rjómi	51%
Vinnslu- og dr.k.	48%

Verð mjólkurvara til neytenda hefur hækkað mun minna en almennt verðlag í landinu á tímabilinu 2004 - 2013. Hagræðingu í mjólkuriðnaði hefur verið skilað til neytenda í raunlækkun heildsöluverðs mjólkurvara sem verðlagsnefnd ákveður og til bænda í gegnum afurðaverð.

Mynd 1 Þróun verðlags og vinnslu- og dreifingarkostnaðar janúar 2004 – desember 2013

Eins og fram kemur hefur vinnslu- og dreifingarkostnaður hækkað um 48% á sama tíma og almennt verðlag hefur hækkað um 82% eða um 76% án húsnæðisviðmiðunar, á tímabilinu 2004 – 2013. Sá hluti kostnaðarhækkana vinnslu- og dreifingar, sem ekki hefur verið borinn uppi með verðhækkunum frá markaði, hefur verið mætt með hagræðingaraðgerðum í mjólkuriðnaði.

f.h. SAM í Verðlagsnefnd búvöru

Pálmi Vilhjálmsson, aðalfulltrúi

Guðrún Sigurjónsdóttir, aðalfulltrúi